

Reykjavík 13. apríl 2022

Umsögn um reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og lækningatæki um borð í íslenskum skipum

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 30. mars 2022, drög að reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og lækningatæki um borð í íslenskum skipum.

Um er að ræða drög að endurskoðari reglugerð þar sem eldri reglugerð hefur staðið að mestu óbreytt frá því hún var sett árið 1998, með smávægilegum breytingum árið 2003. Miklar breytingar hafa átt sér stað sem liðinn er frá því reglugerðin var fyrst sett, ekki sýst þegar kemur að starfemi útgerða sem sinna stuttum útsýnis- og skoðunarferðum í tenglum við ferðaþjónustu. Þá hefur tækjabúnaður og þróun fjarskiptatækni tekið stakkaskiptum sem gerir útgerðum kelið að viðhalda skráum með rafrænum hætti.

Samtök ferðaþjónustunnar, hér eftir nefnd samtökin hafa farið yfir fyrirbyggjandi drög og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Skilgreining á flokkum óljós

Samtökin fagna því að fram séu komin drög að reglugerð þar sem sérstakur flokkur farþegaskipa í stuttum ferðum er skilgreindur. Það er afar jákvætt að flokkur C sem eru skip í ferðum allt að 5 klukkustundir sé lagður til. Samtökin eru hins vegar uggandi yfir flokki D sem er undir 15 metrum og kallast í reglugerðinni skip. Þessi farartæki eru bæði skip og bátar og eru í sambærilegum ferðum og skip í flokki C, eða allt að 5 klukkustundir. Samtökin leggja til nýjan flokk, flokk D sem eru skip og bátar undir 15 metrum og fara ekki í lengri ferðir frá og til hafnar en 5 klukkustundir og að kröfur um fjölda lyfja samræmsit þeim farþegafjölda sem er í slíkum bátum og skipum.

Kröfur um magn lyfja langt umfram umfang ferða

Í fyrirbyggjandi drögum er tíundað það magn lyfja og lækningatækja sem falla undir hvern flokk. Samtökin gera athugasemd við það magn lyfja sem ætlað til stuttra skoðunarferða eins og lagt er til með flokki C. Að mati samtakanna er krafan óhófleg hvað varðar magn af hitalækkandi, verkjastillandi og bólgueyðandi lyfja og telja nóg að 1/3 þeirra sé í kystunni. Þá telja samtökin afar mikilvægt að magni lyfja í fyrrnefndum flokki D sem lagður er til, verði að sama skapi styllt í hóf í samræmi við umfang og tíma þeirra ferða sem um ræðir. Þessar ferðir sem eru stundaðar eru þess eðlis að þær eru stuttar í tíma og stutt frá landi. Lyfin eru lítið notuð og þau hafa ákveðna endingu og því yrði komið í veg fyrir óþarfa soun og kaup á lyfjum ef breytingin yrði gerð.

Krafa um enduskoðun námskrár fyrir skipstjórnarmenn

Núgildandi reglugerð og þau drög sem liggja fyrir gera ráð fyrir að umsjónarmenn lyfjakystu fari á endurmenntunarnámskeið á fimm ára fresti. Endurmenntunin felur m.a. í sér að umsjónarmenn lyfjakystu fylgi lækni eftir á bráðamóttöku í ákveðinn tíma. Þessi námskeið kosta heilmikið fyrir utan þann tíma sem bæði læknar og skipstjórnarmenn þurfa að leggja til. Samtökin leggja til að námskrá vegna lyfjakystu í c,d og e flokki verði breytt þannig að þeir skipstjórnarmenn sem kjósa að starfa aðeins í skipum og bátum sem falla undir þá flokka þurfi ekki að vera á stofugangi með læknum. Verðlag fyrir slíka endurmenntun þyrfti að taka mið af umfangi þeirrar fræðslu sem á sér stað. Þannig mætti líka létta af læknum á stofugangi. Með því yrði komið í veg fyrir óþarfa umstang fyrir alla hluteigandi aðila.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri